

Ed.

835. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrsti efnismálsliður 1. gr. laganna orðist svo:
Staðarhérað: Miklaholtshreppur, Staðarsveit og Breiðuvíkurbhreppur. Læknissetur á Staðarstað.

2. gr.

2. gr. laganna kemur ekki til framkvæmda, meðan yfir stendur endurskoðun læknishéraðaskipunar samkvæmt þingsályktun frá 11. marz 1944.

3. gr.

Annar efnismálsliður 5. gr. laganna orðist svo:
Álafosshérað: Sá hluti Reykjavíkurkaupstaðar, sem lagður var til lögsagnarumdæmis Reykjavíkur með lögum nr. 52 1943, Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár, Mosfellshreppur, Kjósarhreppur, Kjalarneshreppur og Þingvallasveit. Læknissetur að Álafossi.

4. gr.

Fyrsti efnismálsliður 6. gr. laganna orðist svo:
Við 1. tölulið: Liðurinn orðist svo:
Reykjavíkurbhérað: Reykjavíkurbkaupstaður og Seltjarnarneshreppur að undanskildum þeim svæðum, sem lögð eru til Álafosshéraðs.

5. gr.

Ákvæði 1. gr. um stofnun Staðarhéraðs koma ekki til framkvæmda, fyrr en það hérað verður skipað.

Síðari málgrein 8. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Lög þessi skulu gilda frá 1. jan. 1945.